

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á [visir.is](#) og [mbl.is](#)

NÓVEMBER 2022

11. tbl. 29. árg.

Vertu tilbúin/n þegar draumaeignin kemur í sölu

Skráðu eignina til sölu hjá mér. Ég sendi atvinnuljósmyndara að taka myndir þér að kostnaðarlausu.

Ég geri allt klárt og þegar draumaeignin kemur í sölu þá setjum við þína eign í sölu og höldum opið hús áður en opna húsið í draumaeigninni er haldið.

Ef þú færð ekki draumaeignina þá greiðir þú ekkert.



Frítt verðmat!

ÞORLÁKUR
S: 699 4675
thorlukur@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA
[fastlind.is](#) | [njaribudir.is](#)

Guðni hækkaði töluna í 1500



Guðni Th. Jóhannesson forseti með spraybrúsann í hönd og segir að 1500 rambar verði settir upp í stað 1000 eins og áður var áætlað.

EINFALT OG ÞÆGILEGT

Pantaðu lyfin á [lyfjaval.is](#)

Veldu að sækja í næsta apótek eða fáðu sent heim.

Lyfjaval

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra voru viðstödd í Mjóddinni þegar haldið var upp á með pomp og prakt 300 rambar hafi verið settir upp í Reykjavík og vegum verkefnisins Römpum upp.

Guðni Th. Jóhannesson brá á leik þegar Haraldur Þorleifsson upphafsmaður þess tilkynnti að ætlunin væri að setja 1000 rampa upp á næstu árum og sagði það vera of lítið. Þeir þurftu að vera mun fleiri. Að því búnu brá Guðni sér upp á svið með spraybrúasa í hönd. Spreyði yfir töluna 1000 og setti töluna 1500 staðinn úr innihaldi brúsans. Spurði að því búnu hvort þetta mætti ekki vera svona. Takmarkið yrði 1500 en ekki 1000. Haraldur hugsaði sig um og sagði síðan „þú ert forsetinn, verður þú ekki að ráða.“ Guðni, Katrín og Dagur fluttu ávörp en að lokum var boðið upp á heitt súkkulaði og smákökur. Um 150 manns voru viðstaddir þennan viðburð. Nú liggur fyrir að Römpum upp Íslandi mun skila 1500 römpum á fjórum árum.

Sjá einnig á bls. 10.



Netverslun: [systrasamlagid.is](#)

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / [www.FASTLIND.is](#)



VIÐ BREIÐHOLTID

Iceland

OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
11. tbl. 29. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Að læra íslensku

Er lendum ríkisborgurum hefur fjölgað hér á landi um 160% frá 2010. Eftirspurn eftir vönduðu og fjölbreyttu íslensku-námi hefur aukist samhlíða því.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á íslenskunám í Breiðholti án þess að rýrð sé kastað á aðrar byggðir að því leyti.

Í Breiðholti er einhver fjölmennasta byggð fólks sem kosið hefur að setjast hér að og lifa og starfa hér á landi.

Fólk sem komið hefur frá öðrum málsvæðum gerir sér margt ef ekki flest grein fyrir nauðsyn þess að ná tökum á tungumálinu. Það er undirstaða svo margs í daglegu lífi.

Á vegum Suðurmiðstöðvar áður Þjónustumiðstöðvar Breiðholts hefur verið unnið að þeim markmiðum að tengja fólk við umhverfi sitt og það tungumál sem það býr við.

Á vegum Suðurmiðstöðvar starfa svonefndir sendiherrar. Fólk sem fengið hefur verið til að efla tengsl við samlanda sína af ýmsum þjóðernum.

Ein þeirra sem sinnt hefur því starfi er Agnieszka Genowefa Bradel ættuð frá Póllandi.

Hún segir erfiðast fyrir Pólverja við að koma til Íslands sé tungumálið. Pólska sé mjög ólík íslensku þótt margir hafi lært hana nú þegar.

Svo mun vera með flesta sem alist hafa upp á öðrum málsvæðum. Íslenska er um flest ólík öðrum tungumálum. Á sér engin systurtungumál nema ef vera kynni Norsku og á sér einnig nokkuð flókið beygingakerfi.

Að gefa fólki tækifæri til að læra íslensku er eitt það mikilvægasta sem tengist þeim sem flytja hingað og hyggja á framtíðar búsetu og búskap.

Mikil uppbygging fyrirhuguð í Breiðholti

- Arnarbakki og hluti Fellanna fer í uppbyggingu



Húsnæði við Arnarbakka 2. Gömlu þjónustuhúsin við Arnarbakka munu hverfa fyrir nýbyggingum.

Í nýútkomnum bæklingi þar sem fyrirhugaðar nýbyggingar í Reykjavík er kynntar er tveir staðir í Breiðholti sérstaklega teknir til umfjöllunar. Framkvæmdir á þeim stöðum voru fyrst kynnar með nýju aðalskipulagi Reykjavíkur og hverfisSKIPULAGI Breiðholts. Þessir staðir eru við Arnarbakka í neðra Breiðholti og Völvufell í því efra. Á báðum þessum stöðum var í upphafi gert ráð fyrir þjónustustarfsemi fyrir nærliggjandi byggðir og byggt upp samkvæmt því. Í tímans rás hefur margt af þeirri þjónustustarfsemi sem fór af stað hætt starfsemi og byggingar koðnað niður. Af þeim ástæðum var horft til endurbyggingar þessara staða með íbúðabyggingar og einnig að þjónustuhlutverk þessara svæða verði í fyrirrúmi eins og gert var ráð fyrir í upphafi.

Við Arnarbakka verður veitt heimild til niðurrifs á núverandi verslunar- og þjónustuhúsnæði í Arnarbakka 2 til 6, uppbyggingu námsmannaíbúða með verslunar- og þjónusturýmum auk íbúðarhúsnæðis á grænni þróunarlóð. Alls 90 íbúðir. Við Arnarbakka 2 verða byggðar þrjár til fjórar hæðir en verslanir og þjónusta verður á jarðhæð og 26 íbúðir námsmanna á efri hæðum. Íbúðirnar verða einstaklings- og fjölskylduíbúðir, eins til þriggja herbergja. Við Arnarbakka 4 á að reisa þrjár til fjórar hæðir með verslunar- og þjónusturými á jarðhæð. Gert er ráð fyrir 39 námsmannaíbúðum á efri hæðum, bæði einstaklings- og fjölskylduíbúðum. Lóðin við Arnarbakki 6 er hluti af grænum þróunarlóðum borgar-



Mikil þörf er á uppbyggingu við Völvufell og víðar í Fellunum.

innar. Þar á að reisa hús með 25 íbúðum fyrir almennan markað, þrjár til fjórar hæðir.

Breytt við Völvufell

Breytt deiliskipulag fyrir Völvufell markast af Norðurfelli, Völvufelli, Suðurfelli og lóðarmörkum að raðhúsum við Yrsufell í samræmi við nýlegar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 til 2040 og hverfisSKIPULAGI Breiðholts. Breytingin felst m.a. í nýjum námsmannaíbúðum og sérbyli á grænum þróunarlóðum, ásamt endurskoðun þegar fenginna uppbyggingarheimilda, alls 180 íbúðir. Við Drafnarfell 2 til 4 verður heimilt að bæta tveimur hæðum ofan á húsið þannig að það verði þrjár hæðir. Allt að fimm íbúðir, verslun og þjónusta á jarðhæð. Við Drafnarfell 14 til 18 á að byggja tvær hæðir ofan á Drafnarfell þannig að húsið verði fimm hæðir. Við Eddufell 2 til 4 verður heimilt að byggja tvær hæðir ofan á heimild um byggingu um tvær hæðir og verður því um sex hæðir að ræða. Allt verða 14 íbúðir, verslun og þjónusta á jarðhæð. Við

Völvufell 1 til 11 verður heimilt að byggja raðhús; þriggja herbergja eða tvær íbúðir á hvorri hæð. Allt að 12 íbúðir. Við Völvufell 13 til 23 verður heimilt að byggja raðhús; þriggja herbergja eða tvær íbúðir á hvorri hæð. Allt að 12 íbúðir.

Hluti af grænu húsnæði

Hluti af grænu húsnæði framtíðarinnar verður við Völvufell 25 til 35: Heimilt verður að byggja raðhús; þriggja herbergja eða tvær íbúðir á hvorri hæð. Allt að 12 íbúðir. Við Völvufell 37 verður heimilt að byggja námsmannaíbúðir, tvær til fjórar hæðir. Allt að 50 fjölskylduíbúðir og einnig við Völvufell 43. Þar verður heimilt að byggja námsmannaíbúðir, fjórar hæðir. Sameiginlegt rými á jarðhæð. Allt að 40 einstaklingsherbergi með sameign. Hluti af grænu húsnæði framtíðarinnar. Við Völvufell 45 verður heimilt að byggja eina hæð ofan á núverandi byggingu eða allt að sex íbúðir. Við Yrsufell 2 verður heimilt að byggja raðhús; þriggja herbergja eða tvær íbúðir á hvorri hæð. Allt að 12 íbúðir.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leið!

3ja ára ábyrgð

JS LJÓÐSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

APENA
HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

GARÐS APÓTEK
- rétt leið

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á appotek.is
eða í síma 568 0990

Garðs Apótek - í yfir 60 ár

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opíð 9-18 virka daga.

Aðventan í kirkjunum í Breiðholti



Fella- og Hólakirkja

www.fellaogholakirkja.is
Sími 5573280

27. nóvember

- Fyrsti sunnudagur í aðventu

Aðventukvöld kl. 20.

Diljá Mist Einarsdóttur, þingmaður
Reykvíkinga, flytur ávarp. Kór kirkjunnar ásamt
Arnhildi Valgarðsdóttur, organista og Matthíasi
Stefánssyni, fiðluleikara, flytur fjölbreytta og
hugljúfa aðventu-og jólatónlist. Heitt súkkulaði
og piparkökur eftir stundina.

3. desember kl. 15 - laugardagur

Árlegir tónleikar kirkjukórsins sem slá alltaf í
gegn. Kirkjukórinn flytur fjölbreytta og hugljúfa
jóladagskrá sem kemur öllum í hátíðaskap.

4. desember

- Annar sunnudagur í aðventu.

Aðventuhátíð barnanna kl. 17.

Sr. Pétur Ragnhildarson þjónar og kór barnakór
Hólabrekkuskóla syngur skemmtileg jólalög
undir stjórn Diljár Sigursveinsdóttur.
Arnhildur Valgarðsdóttur spilar undir.

11. desember

- Þriðji sunnudagur í aðventu.

Fjölskylduguðsþjónusta og jólaball kl. 17

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar,
heyrst hefur að jólasveinn láti sjá sig.

Jólatónleikar Breiðfirðingakórsins kl. 20

18. desember

- Fjórdi sunnudagur í aðventu.

Jólasöngvar við kertaljós kl. 17.

Sungin verða ljúf og falleg aðventu- og jólalög.
Kór Fella-og Hólakirkju syngur og
sr. Helga Kolbeinsdóttir þjónar.

Organisti við guðsþjónusturnar
er Arnhildur Valgarðsdóttir.

Fylgist með á facebook og
á www.fellaogholakirkja.is



Breiðholtskirkja

www.breidholtskirkja.is
Sími 5871500

27. nóvember

- Fyrsti sunnudagur í aðventu

Sameiginleg aðventusamvera

Breiðholtssafnaðar og Alþjóðlega safnaðarins
kl. 14. Sr. Pétur Ragnhildarson, sr. Ása Laufey
Sæmundsdóttir og sr. Toshiki Toma þjóna.

*The International Congregation in
Breiðholtskirkja – Advent service at 2pm*

4. desember

- Annar sunnudagur í aðventu

Aðventuguðsþjónusta Breiðholtssafnaðar
kl. 11, Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar.

*The International Congregation in
Breiðholtskirkja – Advent service at 2pm.*

11. desember

- Þriðji sunnudagur í aðventu

Jólatrésskemmtun Breiðholtssafnaðar og
Alþjóðlega safnaðarins kl. 14.

The Christmas tree. Family amusements for
the International Congregation and the Local
Congregation in Breiðholtskirkja at 2pm.

Jólatónleikar Kórs Breiðholtskirkju kl. 20

18. desember

- Fjórdi sunnudagur í aðventu

Uppáhalds aðventu- og jólasöngvarnir mínir
kl. 11, sr. Helga Kolbeinsdóttir þjónar.

Alþjóðlegi söfnuðurinn -

Aðventuguðsþjónusta kl. 14

The International Congregation in
Breiðholtskirkja – Advent service at 2pm

Organisti við stundirnar er Örn Magnússon.

Kyrrðarstundir alla miðvikudaga kl. 12.

Fyrirbæinir og tónlist.

Prayer service all Wednesdays at 12am.

Intercession and music.

Fylgist með á facebook og
á www.breidholtskirkja.is



Seljakirkja

www.seljakirkja.is
Sími 5670110

27. nóvember

**- Fyrsti sunnudagur í aðventu
Barnaguðsþjónusta kl. 11**

Guðsþjónusta kl. 13.

Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson predikar.
Kór Seljakirkju leiðir safnaðarsöng.

Aðventukvöld kl. 20.

Barnakórar Seljakirkju og Seljaskóla,
Kór Seljakirkju og Páll Rózinkranz syngja.
Bjarni Fritzson flytur hugvekju.
Kveikt á aðventukertunum.

4. desember

**- Annar sunnudagur í aðventu
Barnaguðsþjónusta kl. 11**

Guðsþjónusta kl. 13.

Sr. Sigurður Már Hannesson predikar.
Seljur, kór kvenfélagsins, syngja undir
stjórn Svövu Kristínar Ingólfssdóttur.

Aðventutónleikar með

Stefáni Hilmarssyni kl. 17.

Þórir Úlfarsson sér um undirleik.
Ókeypis aðgangur - en tekið við frjálsum
framlögum í hjálparsjóðinn
Hjálparhönd Seljakirkju.

11. desember

**- Þriðji sunnudagur í aðventu
Barnaguðsþjónusta kl. 11.**

Guðsþjónusta kl. 13.

Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson predikar.
Kór Seljakirkju leiðir safnaðarsöng.

Aðventutónleikar Karalakórsins

Fóstbræðra kl. 17.

Einsöngur Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir,
sópransöngkona.

Stjórnandi: Árni Harðarson.

Undirleikur: Sveinn Arnar Sæmundsson
Ókeypis aðgangur.

18. desember

**- Fjórdi sunnudagur í aðventu
Jólaball sunnudagaskólans kl. 11.**

Guðsþjónusta kl. 13.

Sr. Sigurður Már Hannesson predikar.
Kór Seljakirkju leiðir safnaðarsöng.

VIÐTALIÐ

Geggjað gaman að búa í Efra-Breiðholti

- segja Ella Rhayne Guevarra Tomarao og Louise Shayne Mangubat Canonoy

Ella og Louise eru nemendur í Fellaskóla. Þær stóðu fremst á sviði á úrslitakvöldi Skrekks 21. nóvember sl. Krakkarnir í Fellaskóla gerðu sér lítið fyrir og lentu í öðru sæti Skrekksins annað árið í röð. Atriðið þeirra bar titilinn Efra-Breiðholt þar sem draumarnir okkar geta ræst og fjallaði um unga stelpu sem er á leiðinni í Salalaug með vinkonum sínum á „Bopp“ hjóli en lendir í því óhappi að hjólið verður rafmagnslaust fyrir utan Fellaskóla í Breiðholti. Stelpan hefur aldrei komið áður í Breiðholt og fyllist af hræðslu að vera komin á þennan stórhættulega stað en kemst síðan að því að það er ekkert að hræðast. Atriði Fellaskóla byggir á öflugri tónlistarsköpun í skólanum. Öll tónlistin í atriðinu var frumsamin.

Ella og Louise sem eru í áttunda og tíunda bekk Fellaskóla hittu Breiðholtsblaðið á dögunum. Þær segja að unglingar í Fellaskóla vilji breyta neikvæðum hugmyndum fólks á Efra-Breiðholti og sýna allt sem hverfið hefur að bjóða. „Fjölmennning, gleði og sköpun eru orð sem koma upp í hugann þegar við hugsum um hverfið okkar. Við viljum hvetja alla til að mæta í Efra-Breiðholti með opnum hug og koma í heimsókn og sjá þetta fallega borgarhverfi. Því að það er geggjað gaman að búa í Efra-Breiðholti,“ segja þær.

Hafa búið alla tíð hér á landi

Ella og Louise eiga ættir að rekja til Filippseyja. Þær eru ekki ættleiddar heldur hafa þær búið hér á landi með fjölskyldum sínum allt sitt líf. Þótt þær séu samlandar eru fjölskyldur þeirra frá sitt hvorri eyju enda margar eyjar í Filipseyjaklasanum. Fjölskyldur þeirra tala því hvor sitt tungumálið. Fjölskylda Ellu talar tungumál sem kallast bisaya visaya og fjölskylda Louise talar waray. Þær eru því í raun þrítyngdar. Tala tungur fjölskyldna sinna auk góðrar Íslensku og svo slæðist Enskan eðlilega með. Ella segir að foreldrar sínir tali móðurmál sitt við sig. „En ég svara þeim oftast á ensku því ég hef ekki næga þjálfun í að tala málið þótt ég skilji það.“

Hefur mikinn áhuga á fatahönnun

Ella segist hafa verið 10 ár í Fellaskóla en Louise kom síðar í skólann. Ella er því á loka ári og þarf að hugsa fyrir framhaldsnámi. „Ég hef mikinn áhuga á hönnun einkum fatahönnun. Ég hef aðeins prófað að hanna fót. Ég hef verið að búa til buxur í textíl tímum. Stundum á sjálfa mig.“ Ella stendur upp á sýnir komumanni jakkann sem hún er í. „Ég hannaði hann og saumað sjálf. Ég held að ég láti þennan áhuga ráða ferðinni þegar ég fer að finna mér framhaldsskóla og námsbraut. „Mig langar mest að komast í Tækniskólann en ef það gengur ekki þá er Menntaskólinn við Hamrahlíð næsti kostur.“

Þaðan varð ekki aftur snúið

Ella segist hafa byrjað snemma að syngja. „Ég hef alltaf haft gaman af söng og við eigum Karaoke vél heima. Ég hef verið að syngja mikið með henni. Læra og æfa mig.“ Louise tekur undir það. Kveðst einnig hafa sungið mikið og nú hafa sönghæfileikar hennar fleytt henni inn á enn stærra svið, ef svo má að orði komast. Hún verður jólastjarna Björgvins Halldórssonar á tónleikum í ár. Ella bendir einnig á söngkennslu í Fellaskóla. Á síðasta ári fór ég í sönghópa hjá Ingu (Ingu Björgu Stefánsdóttur deildarstjóra



Ella Rhayne Guevarra Tomarao og Louise Shayne Mangubat Canonoy.



Hópurinn úr Fellaskóla sem tók þátt í Skrekki. Inga Björg Stefánsdóttir deildarstjóri tónlistar og sköpunar er yst til vinstri í efstu röð.

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin

tónlistar og sköpunar) í Fellaskóla og þaðan varð ekki aftur snúið. Inga á sinn þátt í því að við Louise vorum í Skrekk. Hún hefur staðið fast á bak við okkur öllum sem tókum þátt í skreknum. „Það sleppur engin frá Ingu,“ segja þær í félagi og vilja meina að hún eigi stóran hluta í þátttöku og útkomu þeirra í Skrekk.“ Ella segist hafa sungið mikið með Kimberly sem var í keppnishóp Fellaskóla í Skrekk á síðasta ári. „Við sungum líka á afmælishátíðinni,“ bætir hún við.“

Framtíð í leikhúsi

En Skrekkur snýst ekki aðeins um söng. Leiklist kemur einnig mikið við sögu þar sem atriðin eru heil leiksýning. Ella og Louise segja að mikið þurfi að leika. „Við búum til atriði til að sýna og þar er bæði leiklist og söngur á ferðinni. Skrekkur er eiginlega söngleikur. Við byggðum atriðið okkur upp þannig þótt þetta geti verið mismunandi á milli skóla,“ segja þær. Spurning er því um hvort þær eigi framtíð fyrir sé í leikhúsi. Ella sem búningahönnuður með meiru og Louise sem söngvari og leikari. Þær brosa að hugmyndinni.

Skólinn er frábær

En er lífið fyrir unglinga í Breiðhorninu. Hvernig er að samlagast öðrum krökkum. Ella grípur orðið. „Ég er ef til vill ekki svo mikið úti. Er svona heimakær. En þegar ég fer út þá gengur mér ágætlega að samlagast öðrum krökkum. Mér finnst góður mórall í kringum mig.“ Louise tekur undir. „Þetta eru finir krakkar.“ Þær segjast ekki finna fyrir fordómum vegna uppruna síns. Skólinn er líka frábær. Ella hefur búið í Fellunum allt sitt líf en Louise kom síðar. „Hér eru krakkar frá mörgum löndum og gengur vel að starfa og vera saman. Í Fellaskóla er lögð áhersla á þetta fjölmennningarlega samfélag sem er hér. „Ég fer mikið í 111 félagsmiðstöðina. Þar er stúdíó þar sem ég get æft mig,“ segir Louise. Sigurinn í Skrekk er fyrir þeim greinilega áfangi á lengri leið. Áfangi sem þær geta nýtt sér í áhugamálum og þeim verkefnum sem þær taka sér fyrir hendur. Árangur Fellaskóla er einnig athyglisverður. Ekki aðeins fyrir skólann heldur fyrir Fellahverfið og það fjölmenningsamfélag sem þar hefur þróast.



Ella Rhayne Guevarra Tomarao í jakka sem hún hannaði og saumaði sjálf.



MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Bryndis Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Pórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Pröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700



Hilmar Jónasson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Harpa Rún Glad
hdl. og löggiltur
fasteignasali

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Endurskoðun vetrarþjónustu

Mikilvægt fyrir Breiðholtið



Öruggur mokstur er mikilvægur þegar snjórinn teppir för.

Skipaður var stýrihópur um endurskoðun vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar á liðnu hausti. Í hópnum áttu sæti Alexandra Briem og Aðalsteinn Haukur Sverrisson auk þriðja fulltrúa.

Hlutverk stýrihópsins var að yfirfara núverandi þjónustuhandbók vetrarþjónustu og greina hvar þörf er á breytingum til að stuðla að skilvirkari þjónustu og hagkvæmni í rekstri. Hópnum var gert að fara yfir þjónustumarkmið og þjónustustig og gera tillögu að því hvernig forgangi skuli háttað svo samgöngur gangi eins vel fyrir sig og raunhæft er í mismunandi aðstæðum. Breiðholtið er fremur snjóbung byggð þegar hvítu kornin falla úr lofti og skiptir vetrarþjónusta Breiðholsbúa miklu máli.

Íris Hrund hlaut hvatning-verðlaun gegn einelti

Íris Hrund Hauksdóttir náms- og starfsráðgjafi í Hólabrekku-skóla hlaut hvatningaverðlaun fagráðs gegn einelti hjá Menntamálastofnun. Forsetafrú Íslands, Eliza Reid og Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra veittu Írisi Hrund verðlaunin við hátíðlega athöfn í Helgafellsskóla, á degi gegn einelti. Hefur einstakt lag á að ná til nemenda

Fagrád gegn einelti hjá Menntamálastofnun valdi verðlaunahafa úr innsendum tilnefningum þar sem Íris Hrund varð fyrir valinu. Í tilnefningu segir að Íris Hrund sé „faglegur leiðtogi innan skólans sem vinnur markvisst að vellíðan, gleði og velferð allra nemenda. Hún hefur einstakt lag á að ná til nemenda á faglegan og lágstemmdan hátt.“ Þannig byggji markviss forvarnarvinna upp ánægða og sjálfsörugga nemendur hefur verið hennar megin viðfangsefni. Hún vinnur leynt og ljóst í anda farsældarlaganna þar sem áherslan er ávallt lögð á velferð barna.

Brennur fyrir hagsmunum barna

Þá segir að; „Íris Hrund hefur komið á og stýrt forvarnarteymi



Eliza Reid forsetafrú, Íris Hrund og Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra við afhendingu hvatningaverðlaunanna.

skólans og var með þeim fyrstu að koma slíku teymi á fót. Íris leiðir eineltisteymi skólans og stýrir fundum nemendaverndarráðs af fagmennsku og öryggi. Alla daga vinnur Íris með nemendum skólans, hefur opið hús og hvetur nemendur til að koma til sín hvort sem þeir vilja spjalla, ræða erfið mál eða setja sér markmið til framtíðar. Það

sem einkennir Írisi Hrund umfram allt er góð nærvera, fagmennska og hvernig hún brennur fyrir velferð og hagsmunum barna.“ Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar óskar Írisi Hrund innilega til hamingju með þessa verðskulduðu viðurkenningu á hennar mikilvæga starfi.

Danshöllin hverfur

Komdu að dansa flytur í Álfabakka

Samtökin Komdu að dansa hafa flutt starfsemi sína úr Eddufelli 2 í Mjóddina. Samtökin voru stofnuð árið 1991 og fjórum árum seinna keyptu samtökin húsnæði að Drafnarfelli 2 í Efra Breiðholti þar sem Dansskóli Heiðars Ástvaldssonar var, byggður 1974. Samtökin Komdu að dansa hafa fest kaup á 583 fermetra húsnæði af Reykjavíkurborg á þriðju hæð að Álfabakka 12 þar sem átta manna lyfta flytur fólk upp á efri hæðir.

Hópur fólks kemur saman á hverri viku og dansar saman í Álfabakkanum í Reykjavík hjá „Komið og dansið“. Karlarnir dansa oft við þrjár til fjórar konur í einu. Þá hefur saman konan stjórnað danstónlistinni á staðnum í 23 ár.

Það er fátt skemmtilegra en að skella sér á dansgólfið og dansa með skemmtilegum hópi fólks. Það þekkir fólk hjá „komið og dansið“ en nú var samtökin að



Komdu að dansa ef flutti að Álfabakka í Mjódd.

flytja í nýtt og glæsilegt húsnæði við Álfabakka 12 í Reykjavík þar sem er stórt dansgólf og því er nóg pláss fyrir alla á dansgólfinu.

BASARINN

Nytjamarkaður
Austurveri
Háaleitisbraut 68
Sími 562 6700
Opið virka daga 12-18

Netverslun: systasamlagid.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

www.breiðholt.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX	AIR CIRCULATION SYSTEM	LIGHT WEIGHT	ECE NORM R 44/04
HERO	ISO FIX	ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION	3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



HÖÐUR OG PÉTUR
Höður og Pétur úr Bandmönnum halda uppi stuði og stemningu á sinn einstaka hátt.



HÖÐUR OG PÉTUR
Höður og Pétur úr Bandmönnum halda uppi stuði og stemningu á sinn einstaka hátt.



HÖÐUR OG PÉTUR
Höður og Pétur úr Bandmönnum halda uppi stuði og stemningu á sinn einstaka hátt.



DJ. DÓRA JULIA



PÖBB QUIZ
NEI, HÆTTU NÚ ALVEG
VILLI NAGLBÍTUR



HAPPY HOUR
2 FYRIR 1 AF ÖLLUM AÐRARNUM
FÖSTUDAGA & LAUGARDAGA
21-23

– SPENNANDI VIÐBURÐIR Í HVERJUM MÁNUÐI –

ALLTAF GAMAN OG ALLTAF GOTT VEÐUR

– OPNUM FYRR Á FÖSTUDÖGUM –

GLEÐIS
KL. 16 ~ 18
MÁN ~ FIM
KRANABJÖR
990 ~ KR.

GEFÐU RÚLLANDI GÓÐA JÓLAGJÖF
Gjafabréf í Keiluhöllinni og/eða Shake&pizza er svo sannarlega gjöf sem gleður. Hægt er að velja um stök bréf eða pakka sem inniheldur keiluleik, pizza og shake.

Pantaðu þinn jólapakka á keiluhollin.is

keiluhollin.is

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00

HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

EIN, TVÆR OG FRÍ PIZZA EF ÞÚ SÆKIR
– BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA



EINN, TVEIR OG FRÍR SHAKE EF ÞÚ SÆKIR
– GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM



EIN PIZZA OG SVO ÖNNUR Á 1.000 KR.
KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG BÆTIR ANNARRI VIÐ Á 1.000 KR.
– BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

Pantaðu á shakepizza.is eða í síma 5 17 18 19

OPNUM KL. 11:30 Á FÖSTUDÖGUM



KYNNINGARTILBOÐ MILLI 11:30 OG 13:00

PIZZA AF SEÐLI + GOS 2.990 KR.	PIZZA AF SEÐLI + KALDUR Á KRANA 3.490 KR.
-----------------------------------	--

shakepizza.is

shake&pizza

#shakeandpizza

Soroptimistar hafna ofbeldi

- 16 daga átak gegn kynbundnu
ofbeldi 2022



Seljakirkja var á síðasta ári lýst rauð í tilefni af átaki Soroptimista.

Þekktu rauðu ljósin – “Soroptimistar hafna ofbeldi” er slagorð íslenskra Soroptimista í 16 daga áttakinu að þessu sinni. Átakið sem leitt er af Sameinuðu þjóðunum og er alþjóðlegt hefst 25. nóvember og því lýkur 10. desember. Um allan heim sameinast hin ýmsu samtök í því að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi með ýmsum hætti en roðagylltur litur er einkenni átaksins, #roðagyllumheiminn, #orangetheworld en hann á að tákna hjartari framtíð. Markmið 16 daga átaksins að þessu sinni er að beina athyglinni að forvörnum og fræðslu um hinar ýmsu myndir ofbeldis.

Ofbeldi er þegar einhver gerir eitthvað sem meiðir þig eða lætur þér líða illa. Flokka má ofbeldi í sex flokka: andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi, stafrænt ofbeldi og eltiðhrellir. Ekki er alltaf auðvelt að átta sig á því að um ofbeldi sé að ræða í samböndum fólks en það getur átt sér stað óháð kyni, aldri og kynhneigð. Sjónum er sérstaklega beint að ofbeldi í nánnum samböndum. Samkvæmt rannsóknum hafa 15% til 20% íslenskra kvenna og 5% til 10% íslenskra karla verið beitt ofbeldi af maka sínum eða þeim sem þau voru í ástarsambandi við.

600 Soroptimistar í 19 klúbbum

Íslenskir Soroptimistar, sem eru nú um 600 í 19 klúbbum, hvetja alla til að kynna sér málefnið, fræðast og leggja sitt af mörkum til að stöðva ofbeldi. Soroptimistasystur munu þessa 16 daga vekja athygli meðal annars með því að klæðast roðagylltum fatnaði, selja ýmsan varning, birta greinar og fræðsluefni.

Roðagyllti liturinn verður áberandi á byggingum víða um land og einnig á sendiráðum Íslands víða um heim á meðan á áttakinu stendur. Soroptimistaklúbbarnir í Breiðholti láta ekki sitt eftir liggja og mun Soroptimistaklúbbur Bakka og Selja “roðagylla” Seljakirkju eins og undanfarin ár og Fellaskóli verður líka „roðagylltur“ að undirlagi Soroptimistaklúbbs Hóla og Fella.

Starfsfólk 112 er þjálfað til að svara og bregðast við öllum símtölum er varða ofbeldi og vísa fólki áfram til réttra aðila. Á síðunni 112.is er líka að finna mjög mikla fræðslu um ólíkar tegundir ofbeldis og viljum við eindregið benda fólki á að skoða síðuna.

Fjölbrautarskólinn í Breiðholti

Glæsileg tískusýning

Tískusýningin Vetrafrost var haldin í Hinu Húsinu síðasta laugardag. Viðburðurinn var partur af Unglist, listahátíð ungs fólks. Nemendur hjá Fata- og textílbraut FB tóku meðal annars þátt sýningunni.

Nemendur sem tóku þátt voru: Guðrún Halldórsdóttir, Eyrún Aníta, Melany Rós, Alexander Ingólfsson, Una Björk, Valborg Guðnadóttir og Wiktoria Ewa.



Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is | Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali, leigumiðlari
896 5222
ingolfur@valholl.is



Heiðar Friðjónsson
Söluþjafi, löggiltur
fasteignasali B.Sc
693 3356
heidar@valholl.is



Hildur Harðardóttir
Lögmælingur, löggiltur
fasteignasali, skjalagerð
897 1339
hildur@valholl.is



Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is



Hólmfríður Björgvinsdóttir
Ritari
588 4477
ritari@valholl.is



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is



Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhús Stíllisti
892 8778
anna@valholl.is



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is



Jónas H. Jónasson
Lögg. eignaskiptayfirlysandir
Aðstoðarmaður fasteignasala
842 1520
jonas@valholl.is



Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Velkomin í FB



Fjölbreytt nám í skapandi umhverfi

- | | |
|-----------------------|-----------------------|
| ■ Fata-og textílbraut | ■ Náttúruvísindabraut |
| ■ Myndlistarbraut | ■ Opin braut |
| ■ Nýsköpunarbraut | ■ Tölvubraut |
| ■ Félagsvísindabraut | ■ Húsasmiðabraut |
| ■ Framhaldsskólabraut | ■ Rafvirkjabraut |
| ■ Hugvísindabraut | ■ Sjúkraliðabraut |
| ■ Íþróttabraut | ■ Snyrtibraut |

Ný braut: Nýsköpun, hönnun og listir

Nemendur verða að hafa lokið stúdentsprófi,
starfsnámsprófi eða sambærilegum prófum.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.fb.is



@fbskoli



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Austurberg 5

111 Reykjavík

Sími 570 5600

www.fb.is

Æfðu í Mjóddinni



Óvænt en opin æfing var haldin í Mjódd fyrir fjölskyldutónleika sem haldnir voru í Listasafni Sigurjóns 30. október sl. Hljómburður í Mjóddinni þótti ljómandi góður og unun að hlusta á listamennina flytja aríur úr Brúðkaupi Figarós. Á myndinni má sjá frá vinstri: Guja Sandholt sópran, Linde Schinkel sópran, Nina Hitz selló og Elizabeth Fadel gítar.

Ljósmynd: Rúnar Gunnarsson.

Römpum upp Íslandi í Breiðholti

Þessa dagana er verið að rampa upp í Mjóddinni. Rampur númer 300 var settur upp í Mjóddinni fyrir stuttu og verður haldið upp á það með pomp og prakt 21. nóvember.

Verkefnið „Römpum upp Íslandi“ var sett af stað til að setja upp 1000 rampa á fjórum árum. Það er því mikilvægur áfangi sem verið er að fagna hér í Mjódd þann 21. nóvember. Teymið sem vinnur að þessu er unnið fyrir tilstilli Haraldar Þorleifssonar og Þorleifur Gunnlaugsson faðir hans stýrir verkefninu fyrir stjórn þess. Vinnuteymi verkefnisins hefur unnið verkefnið hratt og örugglega í Mjódd, eins og annars staðar, og hefur verið í góðu samstarfi við Suðurmíðstöð í Mjódd auk húsfélags Mjóddar og rekstraraðilum hér í Mjódd. Frábært verkefni hér á ferð sem veitir öllum betra aðgengi og gott í alla staði.



Þorleifur Gunnlaugsson, Haraldur Þorleifsson og Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands í Mjóddinni á mánudaginn var.



Netverslun:
systrasamlagid.is

Vinnuhópur frá
Römpum upp
verkefninu í Mjóddinni.

Kjötkompaní

TILBÚIN JÓLAHLAÐBORD

Stórveisla heima
án fyrirhafnar

kjotkompani.is/jolin

Munið að panta tímanlega

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Stærsta dekkjaverkstæði landsins í næsta nágrenni

Nesdekk Breiðhöfða 13.
Eitt fullkomnasta
hjólbarðaverkstæði landsins.
Tímapantanir á nesdekk.is



**Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn
og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is**

Tólf íslensku-verðlaun í Breiðholtið



Frá afhendingu íslenskuverðlaunanna. Vigdís Finnbogadóttir og Marta Guðjónsdóttir ræða saman og ungur maður les upp.

Tólf krakkar úr Breiðholti hlutu íslenskuverðlaun unga fólksins að þessu sinni. Verðlaunin voru veitt á degi á Degi íslenskrar tungu, 16. nóvember sl. Þetta er í sextánda sinn sem Íslenskuverðlaunin eru veitt í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO. Verðlaununum er ætlað að auka áhuga grunnskólanema í Reykjavík á íslenskri tungu og hvetja þá til framfara í tjáningu í töluðu og rituðu máli. Að þessu sinni fengu 50 nemendur og einn bekkur í 29 grunnskólum verðlaun en alls hafa rúmlega 981 nemendur eða nemendahópar verið tilnefndir til verðlaunanna frá upphafi.

Nefnd um verðlaunin skipuðu Marta Guðjónsdóttir fulltrúi í skóla- og frístundaráði, sem er formaður, Kristín Jóhannesdóttir fyrir hönd skólastjóra en hún var um tíma skólastjóri Fellaskóla, Soffía Vagnsdóttir og Ólöf K. Sívertsen fyrir hönd grunnskólahluta fagskrifstofu.

Þau sem hlutu verðlaun í Breiðholti eru: Eydís Jónína Sigurðardóttir Kacper Robert Kaca og Malak Moneer Fathel Alnethary úr Hólabrekkuskóla, Alicja Paciejewska, Katrín Kristinsdóttir og Katla Dögg Kristinsdóttir úr Fellaskóla, Valgerður Hjartardóttir og Styrmir Þór Blöndal úr Breiðholtsskóla, Ísak Gunnar Jónsson, Steinunn María Matthíasdóttir og Helga Lilja Eypórsdóttir úr Seljaskóla og Elísabet Ólafsdóttir úr Ölduselsskóli.

Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands veitti verðlaunin og auk hennar ávarpaði Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar samkomuna. Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar lék fyrir gesti undir stjórn Inga Garðars Erlendssonar. Verðlaunahafar fengu viðurkenningarskjal með undirritun Vigdísar Finnbogadóttur og bókina Ljóðaúrval með ljóðum Jónasar Hallgrímssonar í samantekt Böðvars Guðmundssonar.

Kór Fella- og Hólakirkju á ferð í Skotlandi



Kór Fella- og Hólakirkju samankomin á völdum stað í skosku hálöndunum.

Kór Fella- og Hólakirkju fór í söngferðalag til Skotlands dagana frá 20. til 27. september síðastliðinn. Tilgangurinn var að skoða sig um en ekki síður að syngja fyrir nágranna okkar í Skotlandi.


Kórinn hélt eftir lendingu á Glasgow-flugvelli upp í skosku hálöndin. Þar heimsóttu kórfélagar meðal annars hið fræga Loch Ness og fluttum tónleika í Inverness-dómkirkju. Einnig söng kórinn við vel sóttu tónleika í Dunkeld-dómkirkjunni. Af öðru sem kórinn gerði í ferðinni var að haldnar voru tvær sameiginlegar messur sunnudaginn 25. september. Sú fyrri var í Dunblane-dómkirkju í samstarfi við kirkjukórinn þar og sú síðari í St.Mary's dómkirkju í Glasgow einnig í samstarfi við kirkjukórinn þar. Í tilefni heimsóknar kórs Fella- og Hóla var frumflutt verkið 'Nunc dimittis' sem Frikki Walker, hinn hálf-íslenski



Frá kirkjutónleikum.

organisti samdi í tilefni komu Íslendinganna. Kórfélagar fengu ýmis tækifæri til að skoða sig um bæði í Edinborg og víðar þrátt fyrir nokkuð strangt prógramm en gleði og ánægja réði ríkjum hvarvetna. Til gamans færði kórinn gestgjöfum sínum í kirkjunum

áritaða passíusálmana að gjöf. Næsta á dagskrá kórsins er utan hins hefðbundna messusöngs kl. 17 á sunnudögum jólatónleikar, sem haldnir verða í desember. Þá verður gestum boðið uppá léttar veitingar og myndasýningu frá Skotlandi að tónleikunum loknum.



Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar. Auk hefðbundins réttindanáms býður Ökuskóinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- B-réttindi á íslensku og ensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Bifhjólanámskeið
- Meiraprófsnámskeið
- Afleysingamannanámskeið á leigubíl og Atvinnuleyfishafanámsskeið í samvinnu við Samgöngustofu
- Endurmenntun Atvinnubílstjóra



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opíð 10-17 alla daga.

Gleðilegar jólaseríur úti & inni



30%
AFSLÁTTUR
AF JÓLASERÍUM



Verðdæmi útiseríur:

Mikið úrval af
rakavörðum
fjöltengjum IP44

Verð frá
kr. 1.995

LED jólasería - hvít - 40 ljós - IP65	kr. 1.257	verð áður: 1.795
LED jólasería - hvít - 100 ljós - IP44	kr. 1.397	verð áður: 1.995
LED jólasería - marglit - 200 ljós - IP44	kr. 1.957	verð áður: 2.795
LED ljósaslanga - marglit - 10 m - IP65	kr. 3.497	verð áður: 4.995



Framlengingarsnúrir
2-25 metra. Verð frá kr
995



Kapalkefli 10 metrar

4.355



Kapalkefli 15 metrar

6.855

25 metrar
kr. 8.995
50 metrar
kr. 15.645



Kapalkefli, rakavarið IP44 25 metrar

11.795



SENDUM UM
LAND ALLT!
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla í **20 ár**
2002 - 2022

Mini Market í gömlu Danshöllina



Mini market við Eddufell.

Piotr Jakubek eigandi Mini Market er að breyta húsnæðinu þar sem Danshöllin í Breiðholti var áður. Hann ætlar að breyta plássinu í lager fyrir veldi sitt.

Unnið er að standsetja húsnæðið og áætlað er að leiga hluta af því til að standa straum af greiðslu fasteignagjalda og húsgjalda. Húsnæði Mini Market í Breiðholti brann fyrir nokkrum árum og var það gert upp við hlið Danshallarinnar. Piotr Jakubek hefur rekið Mini Market í Eddufelli í 17 ár og er hann með verslanir á tveimur öðrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.

Rótarýklúbbur Rvk-Breiðholt er kominn heim

- fundar nú í Gerðubergi

Rótarýklúbburinn Rvk-Breiðholt var stofnaður árið 1984 og klúbbfélagar hafa hist vikulega á Grand hóteli síðastliðin ár. Það er ánægjulegt að segja frá því að nýverið breytti klúbburinn um fundarstað og fundar nú vikulega í Gerðubergi, en það eru um 20 ár síðan klúbburinn hafði aðstöðu til funda þar. Meðlimir hittast á miðvikudögum og borða saman kvöldverð ásamt því að hlusta á áhugaverð erindi sem félagar skiptast á að útvega. Auk þess sinnir klúbburinn ýmsum samfélagsverkefnum og m.a. stóð hann nýlega fyrir sjálfsstyrkingarnámskeiði fyrir 25 stúlkur í 7. bekk úr grunnskólum hverfisins.

Á dögnum stóð Rótarýklúbburinn Rvk-Breiðholt fyrir sjálfsstyrkingarnámskeiði fyrir stelpur í sjöunda bekk í Breiðholti með stuðningi verkefnasjóðs Rótarýumdæmisins. Fimm stelpur voru valdar úr hverjum skóla hverfisins til að taka þátt í námskeiðinu þar sem Kristín Tómasdóttir fjölskylduráðgjafi og höfundur sjálfsstyrkingarbóka fyrir stelpur á öllum aldri kenndi. Á námskeiðinu var leitast við að kenna stelpum að þekkja hugtakið sjálfsmynd og þekkja leiðir til þess að fyrirbyggja að sjálfsmyndin þróist í neikvæða átt. Námskeiðið var haldið í Fellaskóla og stóð yfir í 2x2 klukkustundir.


Stelpunum fannst gaman á námskeiðinu og voru umsagnir á þennan veg:

Bara skemmtilegt, ég lærði mikið um mína eigin sjálfsmynd. Ég get allt.

Þetta var gaman og hjálpar mjög mikið. P.s. Takk fyrir að leyfa okkur að koma.

Þetta var frábært námskeið. Þetta var alveg gaman þótt ég kunni ekki mikla íslensku.

Áhugasömum Breiðhyllingum af öllum kynjum og þjóðernum er velkomið að hafa samband við Sif Sigfúsdóttur í sifsigfusdottir@gmail.com ritara Rótarý Rvk-Breiðholt til að fá upplýsingar um starfið og ferli við inngöngu



Grímur Valdimarsson forseti Rótarý Reykjavík-Breiðholt, Bjarni Kr. Grímsson, umdæmisstjóri 2022 til 2023 og Sif Sigfúsdóttir ritari á 77. umdæmisþingi Rótarý á Íslandi. Grímur Valdimarsson tók við viðurkenningu fyrir hönd Rótarý Reykjavík-Breiðholt fyrir framlag til Iceland 2022 Action Summit, en klúbburinn sá um málþing á Grand Hóteli laugardaginn 17. september undir yfirskriftinni Peace and Conflict Prevention

BASARINN

Nytjamarkaður
Austurveri
Háaleitisbraut 68
Sími 562 6700
Opið virka daga 12-18

coral[®]

Dyra og hreinsimottur
Stoppar 90% óhreininda

FLOORING SYSTEMS

KJARAN

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

Jólaævintýri í Dansgarðinum

- foreldrar hvattir til að mæta með börn sín

Dansgarðurinn í Mjódd mun bjóða upp á skapandi smíður fyrir fjölskyldur í Breiðholti og aðra áhugasama í desember. Smíðurnar geta verið góð tilbreyting í aðventudagskrána. Engar jólahúfur, engar bíðraðir og engin jólalög verða en svo sannarlega verður séð um að halda upp á kærleika og gleði hátíðarinnar.

Smíðurnar eru ætlaðar foreldrum með börn á aldrinum sex til tíu ára. Í smíðjunum sem byrja 14.00 á sunnudögum munu reyndir listamenn bjóða upp á námskeið sem tengist mismunandi listgreinum og alltaf í tengslum við dans, sirkus, tónlist og teikningu.

Listamenn sem starfa munu með Dansgarðinum þessu ævintýri eru reynslumiklir á sínu sviði, hópurinn Hringleikur verðugir með sirkus, Valgerður Rúnarsdóttir og Sveinbjörn Thorarensen (Hermigervill) munu vinna með tónlist og síðast en ekki síst Katrín Gunnarsdóttir og Rán Flygenring sem vinna með teikningu.

Að loknum vinnustofum verður boðið upp á kaffi, kakó og kex svo þátttakendur fái tækifæri til að eiga óformlegt spjall og kynna.

Vinnustofurnar verða 27. nóvember, 4. desember og 11. desember kl. 14 til 16 stúdíói Klassíska Listdansskólans í Mjódd sem er á þriðju hæð



Í Dansgarðinum verður bryddað upp á ýmsu skemmtilega í aðdraganda jólanna.

og gengið inn við hliðina á Subway. Þann 27. nóvember verður dans og teikning með Katrínu og Rán. 4. desember verður dans og tónlist með Völu og Sveinbirni og 11. desember verður dans og akrobát með Hringleik.

Ókeypis og öllum opnar

Vinnustofurnar eru ókeypis og öllum opnar en eru einkum ætlaðar foreldrum með börn á aldrinum sex til tíu ára og hægt að skrá

sig á dansgardurinn@gmail.com.

Fjöldi þátttakanda er takmarkaður. Fjölskyldur af erlendum uppruna sérstaklega velkomnar og hvattar til að mæta. Tekið skal fram að þátttakendur þurfa ekki að hafa grunnkunáttu í dansi eða íslensku til að taka þátt. Verkefnið er styrkt af Reykjavíkurborg og miðar að því að gera listiðkun aðgengilegri fyrir alla og nýta listsköpun til að skapa félagsleg tengsl milli fjölskyldna í Breiðholti.

ÁHUGVERÐAR BÆKUR!



HRAFNINN

- stórbrotin bók, stúttfull af sögum og fróðleik, um heimsins klókasta fugl.

STAFRÓF FUGLANNA

- afar falleg bók, eftir Árna Árnason, fyrrum kennara og nú fuglaljósmyndara. Sannkölluð fjölskyldubók!



STUNDUM VERÐA STÖKUR TIL ...

- skemmtileg atvik og viðburðir verða ljóslifandi í gleði og gáska þar sem skeytin fljúga í allar átti.

Bókaútgáfan Hólar
holabok.is / holar@holabok.is

Lyfjaval

HEILSA & HAMINGJA

Nýtt bílaapótek í Suðurfelli



Tvær bílalúgur
Einfalt og þægilegt

ÓPIÐ 9-18

Hólabrekkuskóli

Risa tunga með orðum Jónasar

Nemendur Hólabrekkuskóla gerðu sér glaðan dag á degi íslenskrar tungu. Á þeir bjuggu til risa íslenska tungu í bókasafni skólans og söfnuðum þar orðum í anda Jónasar.

Nemendur skólans völdu orð sem þeim þykir fallett, skrítið, skemmtilegt, minnisstætt eða er í uppáhaldi og skrifuðu á miða. Aftan á miðann skrifuðum þau útskýringu á orðinu eða ástæðu fyrir vali. Orð sem þau völdu voru til dæmis; mamma, risaeðla, ryksuga, mörgæs, hnjúkabeyr og grís. Að sjálfsögðu var þar einnig að finna lengsta orðið í íslensku:

„vaðlaheiðarvegavinnuverkfærageymsluskúraútidyralklakipuhringur“

Þarna hefur lyklakippuhrig verið bætt við gamla norlenska orðið um geymsluskúrinn við Vaðlaheiði. Sannanlega lengsta orðið.




Risa tungan með orðum Jónasar.

Hrekkjavökuball sértæku félagsmiðstöðvanna

Sértæku félagsmiðstöðvarnar Hellirinn, Hofið og Höllin héldu sameiginlegt hrekkjavökuball í Höllinni 3. nóvember sl. Ballið var fyrir þátttakendur félagsmiðstöðvanna sem eru í 7. til 10. bekk.

Á ballinu mátti sjá sjóræningja, eðlu, bardagakappa, trúða, lögregluþjón og margar aðrar skemmtilegar verur sem skemmtu sér konunglega í trylltum dansi við skemmtilega tónlist. Auk tónlistar og dans var eitt hræðilegasta draugahús landsins opið öllum þeim sem vildu hætta sér þangað inn. Þau sem voru orðin svöng úr hræðslu gátu gætt sér á pizzu og brauðstöngum og skolað þeim niður með svaladrykk eða gosglasi. Þetta er í fyrsta sinn sem hrekkjavökuball sértæku félagsmiðstöðvanna er haldið eftir að Covid-19 faraldurinn skall á landinu með tilheyrandi samkomutakmörkunum og því mikill hugur í bæði starfsfólki og krökkum að fjölmenna og skemmta sér konunglega saman.

Ballið gekk frábærlega fyrir sig og er mikil tilhlökkun fyrir hrekkjavöku næsta árs hjá krökkunum í Hellinum, Hofinu og Höllinni.



Ætli þessir hafi farið á hrekkjavökuballið.

Hrekkjavökuskemmtun í Hólmaseili

Miðberg hélt Hrekkjavökuskemmtun í Hólmaseili fyrir fjölskyldur í vetrarfríi í október. Óhætt er að segja að öll hafi skemmt sér vel en gríðarlega vel var mætt og voru á köflum langar raðir við húsið.

Dagskráin var afar fjölbreytt og skemmtileg en við buðum uppá draugahús, andlitasmálningu, útiöldun, og kaffihús. Auk þess voru svokallaðir ógeðiskassar þar sem hægt var að þreifa blindandi á ýmsu ógeðslegu eins og heila og ornum. Draugahúsið var þó það sem

sló mest í gegn og náði röðin í það langar leiðir. Við erum hræðilega glöð með þetta og hlökkum til næst.



Draugahúsið var vinsælt.




Greinilega á leið á hrekkjavökuskemmtun.






Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



ÚTIVISTAR- REGLURNAR*

*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002





Á skólatíma

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20


13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22



SAMAN

www.samanhopurinn.is

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!



HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Öflugt samstarf í Breiðholtið

Á síðustu misserum hafa tilboð til íþrótta og frístunda aukist til muna í Breiðholtiinu, eins og komið hefur fram í pistlum. ÍR og Leiknir hafa aukið á framboð sitt auk ýmissa aðila í samstarfi. Framboðið er mikið og boðið er upp á íþróttir, listir og frístundir af fjölbreyttum toga. Í vegferð okkar í verkefninu Frístundir í Breiðholti er einmitt einn að stóru þáttunum til að ná árangri í að fjölga iðkendum að bjóða upp á fjölbreyttara starf og spyrjum einmitt spurninga stöðugt eins og: er starfið nógu aðgengilegt og/eða fjölbreytt?



Jóhannes Guðlaugsson.

Samvinna þeirra sem vinna með börnum og unglingum hér í Breiðholti þarf einnig að vera góð og hefur stóruaust til ýmsum hætti. Leikskólarnir, skólarnir og frístundastarfsemin hafa átt mikinn þátt í að auka á upplýsingaflæði til foreldra og barna en einnig hafa ýmsum samvinnuverkefnum við íþróttafélagin, tónskóla og dansskóla verið hrint af stað. Auk þessa hafa ýmsir einstaklingar og einkaaðilar hjálpað til við að auka á framboð, samanber framboð í Austurbergi í gengum „Hlustum á hverfið“, verkefni sem við höfum nefnt hér áður. Allt er þetta til að auka á þátttöku í íþróttum og frístundum, en það sem gerist við slíkt samstarf er að raðirnar þéttast og aðilar fara að vinna nánar saman.

Allir þurfa að hafa eitthvað fyrir stafni

Það er mjög gott að finna fyrir þeim skilningi og velvilja á ferðum okkar um hverfið til að hitta á börnin í skólum, leikskólum og í viðtölum við fjölskyldur úti í hverfinu. Skilningur fyrir mikilvægi þess að allir þurfi að hafa eitthvað fyrir stafni umfram skólastarfið og einnig velvilji til að greiða götur verkefnisins.

Fyrir hinn almenna borgara er mikilvægt að vita að ykkar stuðningur getur hjálpað mikið til við að bæta samfélagið hvað þetta varðar. T.d. geta íbúar hjálpað til við að bera út upplýsingar þegar við erum að setja af stað ný tilboð, þ.e. að segja öðrum frá. Einnig geta foreldrar hjálpað öðrum foreldrum við að greiða götur barna til íþróttastarfs. Mörg slík dæmi eru til og er það til fyrirmyndar og eftirbreytni.

Jóhannes Guðlaugsson.
Frístundatengill í Suðurmiðstöð Breiðholti.



NOON
HÁRSTOFA

5672077 HÓLMASELI 2, 109 RVK



GETRAUNANÚMÉR
LEIKNIS ER 109



GETRAUNIR.IS

Getraunanr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Vigfús tekur við Leikni

Vigfús Arnar Jónsson mun leiða meistara-flokk Leiknis inn í 50 ára afmælisárið og fram yfir það. Vart þarf að kynna manninn en hann kom aftur í Holtið um mitt sumar og er nú tekinn við sem aðalþjálfari.

Vigfús fór inn í Heiðurshöll félagsins í sumar sem leikmaður og hann átti stóran þátt í því að halda liðinu uppi í 1. deild árið 2018 þegar hann tók við stjórnartaumunum af Kristófer það árið. Nú er þessi uppaldi Leiknismaður klár í slaginn sem aðalþjálfari meistara-flokks og við erum spennt fyrir því að sjá hvernig hann mun leiða hópinn inn í nýja tíma. Vigfús skrifaði undir tveggja ára samning við félagið í dag.



Skrifaða undir samninginn við Leikni.

Kveðja frá Sigurði Heiðari

Eins og flestum var kunnugt fyrir lok tímabils í Bestu deildinni var okkar allra besti þjálfari, Sigurður Heiðar Höskuldsson, á leið frá félaginu að tímabili loknu. Í dag tilkynnti Knattspyrnufélagið Valur að hann sé genginn í þeirra raðir sem aðstoðarmaður Arnars Grétarssonar á Hlíðarenda.

Á lokahófi Leiknis á laugardaginn síðasta hélt þessi mikli meistari langa og góða ræðu fyrir félagsmenn þar sem hann kvaddi félagið sem hann hefur lifað fyrir í rúm 4 ár. Þetta var kveðja til allra sem hafa staðið með honum í baráttunni og birtum við hana hér í heild með góðfúslegu leyfi Sigga um leið og félagið þakkar honum á móti fyrir hans framúrskarandi þjónustu við félagið.



www.leiknir.com



Gáfu í jól í skókassa



Þriðjubekkingar í Ölduselsskóla með skókassana sem síðan fara til barna í Úkraínu.

Nemendur í Þriðja bekk Ölduselsskóla ákváðu að taka þátt í verkefni sem nefnist Jól í skókassa. Þetta er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn jafnt sem fullorðna til þess að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Nemendur komu með hluti í kassana að heiman en einnig styrktu fyrirtæki okkur.

Á vinadaginn þann 8. nóvember kom vinabekkurinn

okkar í 8. bekk til að aðstoða við að pakka inn gjöfum. Skókassarnir verða svo sendir til Úkraínu og dreift meðal annars á munaðarleysingjaheimili, barnaspítala og til barna einstæðra mæðra sem búa við sára fátækt. Krakkarnir settu sér markmið um að senda 20 jólakassa og náðu þau að senda frá sér 24 kassa. Góðvinur skólans styrkti svo verkefnið um 20 þúsund krónur fyrir sendingarkostnaði.

Góður árangur ÍR fimleika

ÍR fimleikar áttu frábæra opnun á keppnistímabilinu þegar þær urðu í 3. sæti af 14 liðum í heildarstigakeppni á haustmóti í Stökkfimi yngri (f. 2012-10) á Selfossi 13. nóvember með 30,250 í einkunn. Ef að blönduð lið eru tekin sér urðu þær í 2. sæti af 12 stúlknaliðum.

Þær sigruðu á trampolíni, bættu sig um 2,0 frá síðustu keppni og bættu sig á dínu með 1,9 í bætingu. Fimleikastúlkurnar heita. Emilía Ólöf Jakobsdóttir, Gabriela Wiktoría Chomiak, Guðmunda Jónsdóttir, Júlía Wolkowicz, Katrín Hulda Tómasdóttir, Megija Zelmene, Sunna Tam N. Sólborgardóttir, Tinna Mai N. Sólborgardóttir og Viktorija Sudrabina Anisimova. Þær Viktorija og Gabriela eru nýliðar og byrja sinn feril í fimleikum með glæsibrag.

Þessar sömu stúlkur keppa áfram saman í stökkfimi yngri fram á vor og stefna ótrauðar á sigur á þeim mótum sem fram undan eru.



ÍR krakkar á Junior Irish open

Nokkur börn úr Keiludeild ÍR tóku nýverið þátt í Junior Irish Open. Virkilega flott spilamennska hefur verið hjá okkar krökkum.

Í flokknum U12 á léku þau Viktor Snær Guðmundsson og Bára Líf Gunnarsdóttir í úrslitum og for svo að Viktor varð 3. sæti og Bára í 4. sæti. Í flokknum U16 þá gerði Tristan Máni Nínuson sér lítið fyrir og vann flokkinn.



Tristan Máni
Nínuson.

ÍR óskar eftir framkvæmdastjóra

ÍR óskar eftir framkvæmdastjóra til að hafa umsjón með daglegum rekstri félagsins, fjármálum ásamt mannvirkjum. Í starfinu felst einnig að vera yfirmaður skrifstofu og starfsmanna félagsins.

Framkvæmdastjóri ÍR leikur lykilhlutverk á framkvæmd á stefnu ÍR sem starfrækir metnaðarfullt, faglegt og fjölbreytt íþróttastarf. Áhersla er lögð á að framkvæmdastjóri gegni leiðtoga hlutverki og leggi sig fram við að hafa góð og jákvæð samskipti við alla ÍR-inga. Framkvæmdastjóri skal ávallt starfa af heilindum með hagsmunum félagsins að leiðarljósi. Um fullt starf er að ræða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í desember/janúar.



Úr nýja íþróttahúsi ÍR.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ  HÓLMGEIRS
MJÓDD



ÁFRAM ÍR

Joserabúðin
Ögurhvarfi 2
joserabudin.is

Josera
örögð af vináttu



Voffsalega skemmtileg gældudýrabúð!

SmíðaVík
GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri,
bæta þéttingu glugga og hurða,
lagfæra glugga og hurðir
eða skipta því út fyrir nýju
erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is

sími 898-0503

Guðlaugur





GETRAUNANÚMER ÍR

109




Viltu hafa áhrif á þitt hverfi?

Vissir þú að í Breiðholti er starfandi íbúaráð?

- Fundað mánaðarlega um málefni hverfisins
- Leið til að koma sjónarmiðum íbúa á framfæri
- Vettvangur fyrir samráð og upplýsingar
- Hægt að bera upp mál á fundum eða senda erindi

Nánar á reykjavik.is/ibuarad